

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála
í máli nr. 5/1998

Kreditkort hf.
gegn
samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 10. febrúar 1998, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 12. febrúar s.á. hefur Ásgeir Thoroddsen, hrl., fyrir hönd Kreditkorta hf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/1998](#).

Áfrýjandi krefst þess að núgildandi skilmálar áfrýjanda við aðildarfyrirtæki verði áfram heimilaðir. Til vara er þess krafist að heimiluð verði ákvæði í skilmálum áfrýjanda sem tryggja að korthafar greiði ekki hærra verð en sem nemur kostnaði aðildarfyrirtækis af kortaviðskiptunum.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 skal kæra berast áfrýjunarnefnd samkeppnismála innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/1998 barst lögmanni áfrýjanda 13. janúar sl. Frestur til að kæra ákvörðunina var því til 10. febrúar sl. Af framangreindu er því ljóst að kæra áfrýjanda barst ekki innan tilskilins frests og er málinu því vísað frá.

III.

Úrskurðarorð.

Málinu er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík 23. febrúar 1998

Páll Sigurðsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Þórunn Guðmundsdóttir